



Fundargerð

383. fundur í hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, haldinn miðvikudaginn 12.mars 2008, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl 16.30.

Fundinn sátu :

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Guðlaugur Jónsson, Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Bragi Geir Gunnarsson, Birna Benediktsdóttir og Ása Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði : Ása Jónsdóttir

Oddviti setti fundinn og athugaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá, svo var ekki. Oddviti óskaði eftir tilbrigði við dagskrá og sett yrði á dagskrá bréf frá Sýslumanninum á Patreksfirði dags. 10.mars 2008 undir dagskrárlið nr. 20 og aðrir dagskrárliðir færast neðar sem því nemur, nýrri dagskrá dreift. Gengið til boðaðrar dagskrár. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Fundargerðir nefnda.

a) Fundargerð atvinnumálanefndar dags. 13.febrúar 2008.

- Fundargerð í þrem töluliðum.
Samþykkt samhljóða

b) Fundargerð bygginganefndar dags. 7.mars 2008.

- Fundargerð í tveim töluliðum. Töluliður 1 deiliskipulag til afgreiðslu, gögn send í tölvupósti 7.mars og 10.mars.

Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi, Tálknafjörður, íbúasvæði við Móatún, skv. 25.gr.. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997. Tillagan er sett fram á uppdrætti og greinargerð dags. 6.mars 2008. Heildarfjöldi íbúðarhúsa skv. tillögunni eru 19 einbýlishús og 9 parhús eða samtals 37 íbúðir. Í tillögunni er hlutfall einbýlishúsa 51% en parhúsa 49%

Á auglýsingatímanum verði jafnframt skoðanakönnun um nafn á götuna sem nefnd er Náttahagatún í tillögunni.

Samþykkt samhljóða.

Hreppnefnd Tálknafjarðarhrepps óskar eftir tillögum frá bygginganefnd um verklagsreglur vegna úthlutunar lóða í sveitarfélaginu. Vinna þarf reglur um gatnagerðargjöld, setja þarf tímamörk frá úthlutun þar til framkvæmdir hefjast og reglur um staðfestingargjald við úthlutun lóða. Oddviti falið að vinna þessar tillögur með nefndinni.

Samþykkt með fjórum atkvæðum, Guðlaugur situr hjá.

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans 2009-2011, seinni umræða. (sjá fundargögn frá 382.fundi 13.feb)

Samþykkt samhljóða.

BR
RIS



- 3. Prókúra til handa Sif Karlsdóttur.**
Sif Karlsdóttur veitt fullt og ótakmarkað umboð til aðgangs, í gegnum heimabanka, að tékkareikningum Tálknafjarðarhrepps hjá Sparisjóðnum í Keflavík/SPVF (1118). Samþykkt samhljóða.
- 4. Bréf frá Ásdísi Auðunsdóttur, dags. 26.febrúar 2008.**
Ásdís segir upp stöðu sinni sem kennari við grunnskólann. Jafnframt segir hún sig úr þeim nefndum og ráðum sem hún hefur setið í fyrir hönd sveitarfélagsins og var það samþykkt.
- 5. Skipan nefnda m.t.t. dagskrárliðar 4.**
Þór Magnússon tekur sæti sem aðalmaður í félagsmálaráði í stað Ásdísar og Kristrún Guðjónsóttir kemur inn sem varamaður í stað Þórs. Bjarnveig kemur inn sem aðalmaður í húsnaðisnefnd og til vara verða Guðni Ólafsson og Helga Birna Berthelsen. Bjarnveig kemur inn sem aðalmaður í þjónustuhóp aldraðra í stað Ásdísar. Samþykkt samhljóða.
- 6. Umhverfisnefnd Alþingis, bréf dags. 26.febrúar 2008.**
 - Umsögn um frumvörp, 374., 375., 376.mál, sjá netslóð í bréfi. Vísað til bygginganefndar til umsagnar og athugasemdir skilist til oddvita.
- 7. Umhverfisnefnd Alþingis, bréf dags. 18.febrúar 2008.**
 - Umsögn um frumvarp, 327.mál, sjá netslóð í bréfi.
 - Lagt fram til kynningar.
- 8. Siglingastofnun, bréf dagsett 31.janúar 2008.**
 - Frestað frá 382.fundi 13.febr., til afgreiðslu nú.
 - Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps stefnir að því að fara í þá framkvæmd sem er á áætlun í hafnarhluta samgönguáætlunar á árunum 2009 og 2010.
 - Samþykkt samhljóða.
- 9. Skólamálastefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 4.mars 2008.**
Sent skólanefnd til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 10. Sparisjóðurinn í Keflavík, bréf dags. 29.febrúar 2008, aðalfundarboð**
Björgvin Sigurjónsson 260747-2319, fór með umboð hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps til þess að fara með atkvæði Tálknafjarðarhrepps á fundinum. Samþykkt samhljóða.
- 11. Drög að innkaupareglum Tálknafjarðarhrepps.**
Samþykkt samhljóða með þeim breytingum að orðinu sveitarstjóri verði breytt í framkvæmdastjóri, þar sem það kemur fyrir í textanum.
- 12. Umsóknir um hundaleyfi.**
 - a) Friðrik Þ. Friðriksson
Samþykkt samhljóða.
 - b) Olga Rannveig Bragadóttir
Samþykkt með fjórum atkvæðum, Bragi situr hjá.



13. Jóna V. Guðjónsdóttir og Aðalsteinn Magnússon, bréf dags. 18.febrúar 2008

- Umsókn um lóð.
Frestað þar til samþykkt deiliskipulag liggur fyrir.
Samþykkt samhljóða.

14. Verkefnastjóri Þróunarseturs Patreksfirði, bréf dags. 3.mars 2008.

- Skipan sameiginlegrar atvinnu- og ferðamálanefndar.
Vísað til samráðsnefndar.
Samþykkt samhljóða.

15. Landmælingar Íslands, bréf dags. 21.febrúar 2008.

- CORINE landnýtingarflokkun.
Engar athugasemdir við flokkunina.
Samþykkt samhljóða.

16. Landsskrifstofa Staðardagskrár 21 á Íslandi, bréf dags. 25.febrúar 2008.

Samþykkt samhljóða að óska eftir að taka þátt í verkefni.

17. Landvernd, bréf dags. 20.febrúar 2008.

Lagt fram til kynningar.

18. Orlofsnefnd S.V.K., bréf ódagsett.

Lagt fram til kynningar.

19. Fasteignamat ríkisins, samantekt dags. 9.mars 2008.

Tálknafjarðarhreppur mótmælir harðlega þeirri ákvörðun Fasteignamats ríkisins að loka skrifstofu sinni í Borgarnesi. Við teljum að þessi ákvörðun muni hafa í för með sér skerta þjónustu fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi og Vestfjörðum, auk þess sem við efumst verulega um að hún leiði af sér hagræðingu fyrir stofnunina. Það er ljóst að ákvörðun Fasteignamats ríkisins gengur þvert á boðaða stefnu stjórnvalda um uppbyggingu og flutning starfa frá höfuðborginni út á landsbyggðina. Því mun Tálknafjarðarhreppur leita allra leiða til þess að hnekkja þessari ákvörðun, en við hana verður ekki unað.
Samþykkt samhljóða.

20. Sýslumaðurinn á Patreksfirði, bréf dags. 10.mars 2008.

Tálknafjarðarhreppur samþykkir rekstrarleyfið fyrir sitt leyti.
Samþykkt samhljóða.

21. Upplýsingagjöf framkvæmdastjóra.

Ráðningarsamningur við Sif Karlsdóttur lagður fram til kynningar.
Ákveðið að taka fyrir umræður um heitavátnsmál á næsta fundi þann 9. Apríl.

Lagt fram :

22. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf dags. 5.febrúar 2008.


- Stefnumótun í málefnum innflytjenda. Svar oddvita við bréfinu.
- Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
-


BE
ES



- 23. Hagbjónusta landbúnaðarins, bréf dags. 18.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 24. Varasjóður húsnæðismála, bréf dags. 14.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 25. Samband íslenskra sveitarfélaga, fundargerð 751.fundar stjórnar sambandsins 22.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 26. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, bréf dags. 18.febrúar 2008.**
- Fundargerð 65.fundar 15.febrúar 2008.
- Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 27. Borgun hf., bréf dags. 25.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.
- 28. Samtök iðnaðarins, bréf dags. 7.febrúar 2008.**
Lagt fram til kynningar, samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.40



Eyrlín Ingibjörg Sigþórsdóttir


Guðlaugur Jónsson


Bjarnveig Guðbrandsdóttir


Bragi Geir Gunnarsson


Birna Benediktsdóttir


Ása Jónsdóttir